

Fimmtudagur, 13. febrúar 2003

194. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 7/2003

**Kvörtun Atvinnuþróunarfélags Skagafjarðar vegna hækkunar á raforkutöxtum RARIK til Sauðárkróksbakarís.**

**I.  
Erindið**

Samkeppnisstofnun barst erindi dags. 18. júní sl., frá Hring Atvinnuþróunarfélagi Skagafjarðar hf., f.h. Sauðárkróksbakarís. Í erindinu er kvartað yfir raforkuverðshækkunum í Skagafirði í kjölfar yfirtöku Rafmagnsveitna Ríkisins (RARIK) á Rafveitu Sauðárkróks. Kemur fram að RARIK hafi tekið við rekstri Rafveitu Sauðárkróks um áramótin 2001-2002 og í kjölfar þess hafi raforkuverð til Sauðárkróksbakarís hækkað verulega. Hækkanir hafi numið 55% á sumargjaldi og rúmum 116% á vetrargjaldi. Einnig hafi átt sér stað talsverðar hækkanir á föstu gjaldi. Kveður Hringur hækkunina skekkja samkeppnisstöðu bakarísins verulega, en inn á markaðssvæði þess streymi brauð og kökur víða að, t.d. frá Reykjavík og Akureyri. Óskar Hringur eftir því að Samkeppnisstofnun taki umræddar hækkanir til athugunar.

**II.  
Málsmeðferð**

**1.**

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 20. júní sl., var erindi Hrings sent RARIK til umsagnar. Í umsögn RARIK, dags. 4. júlí sl., segir að raforkuverð til Sauðárkróksbakarís hafi verið óeðlilega lágt, að mati RARIK sé ekki eðlilegt að Rafveita Sauðárkróks hafi getað selt bakaríinu rafmagn á 15% lægra verði en raforkuverð Orkuveitu Reykjavíkur til bakaría. Í erindinu segir að sala til ýmissa notendahópa sé á mismunandi verði hjá orkufyrirtækjunum sem öll setji sínar gjaldskrár sem jafnaðargjaldskrár sem séu staðfestar af iðnaðarráðuneytinu. Að lokum kemur fram að Sauðárkróksbakarí hafi verið flutt á lægri taxta afturvirktt frá áramótum, er tekið fram að engin tengsl séu milli taxtabreytingarinnar og erindis Hrings til Samkeppnisstofnunar.

**2.**

Með bréfi Samkeppnisstofnunar til RARIK, dags. 10. júlí sl., óskaði stofnunin eftir upplýsingum frá RARIK um raforkuverð sem önnur bakarí í viðskiptum við veiturar

njóta. Á fundi með fulltrúa Samkeppnisstofnunar afhenti RARIK umbeðin gögn ásamt skýringum. Kom þar m.a. fram að raforkutaxtar Sauðárkróksbakarís hafi verið hækkaðir til samræmis við taxta annarra bakaríá á veitusvæði RARIK. Það raforkuverð sem bakaríð hafi áður greitt hafi verið óeðlilega lágt og vart staðið undir sér. Í ljósi þessa hafi RARIK hækkað verð til samræmis við önnur bakarí á veitusvæði sínu.

### 3.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar til Hrings hf., dags. 20. ágúst sl., voru reifuð sjónarmið stofnunarinnar eins og málið lá fyrir. Kemur þar fram að til þess að samkeppnisráð geti gripið til aðgerða skv. 17. gr. samkeppnislaga verði markaðsráðandi fyrirtæki að mismuna viðskiptamönnum sínum með ósanngjörnu kaup- eða söluverði eða mismuna þeim með ólíkum skilmálum í samskonar viðskiptum, sbr. 11. gr. samkeppnislaga. Segir að mat stofnunarinnar sé að RARIK hafi ekki mismunað bakaríum á veitusvæði sínu svo varði við samkeppnislög. Jafnframt var tekið fram að í bréfinu fælist ekki ákvörðun heldur aðeins mat stofnunarinnar á málinu eins og það sé lagt fyrir til að auðvelda aðilum að nýta sér andmælarétt sinn.

### 4.

Með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 27. ágúst sl., færði Hringur fram athugasemdir við mati Samkeppnisstofnunar á málinu. Kemur fram sú skoðun að hækkanir á raforkutöxtum séu illskiljanlegar í ljósi þess að fyrri raforkusali hafi búið við ágætis rekstrarskilyrði þrátt fyrir þá taxta sem í gildi voru. Telur Hringur það mismunun að RARIK, sem sé í markaðsráðandi stöðu, geti einhliða hækkað raforkutaxta þrátt fyrir ágæta afkomu fyrri raforkusala á svæðinu. Kveður Hringur að sýnt hafi verið fram á að tekist hafi að reka arðbært fyrirtæki í raforkusölu í Skagafirði þrátt fyrir að rafmagn hafi verið keypt af RARIK. Því virðist sem RARIK sé í sjálfsvald sett hversu mikil álagning sé til smásölu hverju sinni, sem vart geti talist eðlilegt. Jafnframt óskaði Hringur eftir að fá afhent þau gögn sem fylgdu með svari RARIK um fyrirspurn Samkeppnisstofnunar um raforkuverð til annarra bakaríá á veitusvæði RARIK. Að lokum kvartar Hringur yfir ósæmilegri framkomu opinbers þjónustufyrirtækis sem eðlilegt væri að átelja fyrirtæki í einokunarstöðu fyrir.

### 5.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar til RARIK, dags. 29. ágúst sl., var RARIK gefinn kostur á því að tjá sig um áður nefnt bréf Hrings til stofnunarinnar. Í svarbréfi RARIK, dags. 12. september sl., kemur fram að allir viðskiptavinir með sams konar notkun greiði sama gjald, óháð búsetu- eða notkunarstað. Þessi jafnaðargjaldskrá, sem gildi á öllum orkuveitusvæðum, sé byggð á jafnræðisreglu og frá henni verði ekki hvíkað. Hvað varðar getu Rafveitu Sauðárkróks til að selja raforku á verði sem nægi vart innkaupsverði frá heildsala, segir að væntanlega hafi aðrir viðskiptavinir staðið

undir kostnaði vegna dreifingar raforkunnar um bæinn, umsýslukostnaði veitunnar, fjármagnskostnaði hennar og álagningu. Kveður RARIK að fullyrðingar Hrings um ósæmilega framkomu séu úr lausu lofti gripnar og hljóti að byggjast á misskilningi. Að lokum hafnar RARIK ósk Hrings um afhendingu gagna, kveður veitan að gögnin innihaldi trúnaðarupplýsingar um aðra viðskiptavinum.

## 6.

Með bréfum Samkeppnisstofnunar til Hrings, dags. 16. september og 14. október sl., var Hring gefið tækifæri til umsagnar um bréf RARIK dags. 29. ágúst s.á. Jafnframt kom fram að gagnaöflun teldist með bréfinu lokið og málið yrði tekið til ákvörðunar. Umsögn Hrings barst með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 21. október s.á., í umsögninni var að mestu ítrekað það sem áður hefur komið fram.

## III.

### Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 13. febrúar 2003, var tekin ákvörðun í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Kirstín Flygenring, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson, Ragnheiður Bragadóttir og Tryggvi Axelsson.

### 1.

Í máli þessu kvartar Hringur hf., f.h. Sauðárkróksbakarís, yfir raforkuverðshækkunum RARIK í kjölfar yfirtöku RARIK á Rafveitu Sauðárkróks, sem átti sér stað áramótin 2001-2002. Kveður Hringur umræddar hækkanir skekkja samkeppnisstöðu Sauðárkróksbakarís, því inn á markaðssvæði Sauðárkróksbakarís berist m.a. brauð frá Reykjavík og Akureyri þar sem brauðin eru framleidd með lægri rafmagnskostnaði og með því séu brotin samkeppnislög.

RARIK telur hins vegar að raforkuverð til Sauðárkróksbakarís hafi einungis verið hækkað til samræmis við önnur bakarí á veitusvæði RARIK. Kveðst RARIK gæta jafnræðis við verðlagningu þannig að allir viðskiptavinir með samskonar notkun greiði sama gjald, óháð búsetu eða notkunarstað.

### 2.

Samkvæmt 23. gr. orkulaga nr. 58/1967 hafa Rafmagnsveitur ríkisins forgang til að reka héraðsrafmagnsveitur og njóta einkaréttar skv. 21. gr. laganna. Undantekning frá þessu er tilgreind í 22. gr. laganna. Þar segir m.a. að taki orkuveitusvæði, sem ráðherra hefur ákveðið, aðeins yfir einn kaupstað eða einn hrepp eða hluta úr hreppi, eða íbúatala kaupstaðarins eða hreppsins er a.m.k.  $\frac{3}{4}$  af íbúatölu alls orkuveitusvæðisins, hefur bæjarstjórn eða sveitarstjórn forgangsrétt til að reka héraðsveitu á því orkuveitusvæði og að hljóta til þess einkarétt skv. 21. gr.

Í 3. gr. reglugerðar nr. 122/1992 fyrir Rafmagnsveitur ríkisins segir að veiturnar hafi einkarétt til raforkudreifingar á núverandi veitusvæði þeirra.

Í 28. gr. orkulaga segir að gjald fyrir raforku frá héraðsrafmagnsveitu, sem hlotið hefur einkarétt skv. 21. gr. laganna, skuli ákveða í gjaldskrá, sem stjórn veitunnar semur og ráðherra staðfestir.

Í 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. lög nr. 107/2000, segir að misnotkun markaðsráðandi fyrirtækja á stöðu sinni sé bönnuð. Samkvæmt staflíð d í 2. mgr. 11. gr. laganna getur misnotkun m.a. falist í því að viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í samskonar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt. Í greinargerð með breytingum á 11. gr. segir að ákvæðið taki einnig til þeirra tilfella þar sem opinber aðili misnotar markaðsráðandi stöðu sína, þrátt fyrir að markaðsráðandi stöðu megi rekja t.d. til lögbundins einkaréttar. Um staflíð d segir m.a. að hann taki til misnotkunar sem felst í því að fyrirtæki býður sumum af viðsemjendum sínum afslætti sem ekki bjóðast öðrum sem eiga við það sams konar viðskipti.

### 3.

Af framangreindum lagagreinum leiðir, að mati samkeppnisráðs, að RARIK er markaðsráðandi fyrirtæki á veitusvæði sínu, enda hafa veiturnar einkarétt skv. orkulögum á svæðinu. Jafnframt er að mati ráðsins ljóst af orðalagi greinargerðar með frumvarpi til breytinga á samkeppnislögum nr. 107/2000 að bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu nær einnig til þeirra fyrirtækja sem starfa í skjóli einkaréttar. Er því íhlutunarvald samkeppnisráðs ótvírætt.

Hvað varðar meinta misbeitingu RARIK á markaðsráðandi stöðu kemur fram í gögnum málsins að RARIK telur sig einungis hafa hækkað raforkutaxta Sauðárkróksbakarís til samræmis við önnur bakarí á veitusvæði RARIK. Fylgigögn með svörum RARIK staðfesta þetta að mati samkeppnisráðs. M.ö.o. öll bakarí á veitusvæði RARIK njóti samskonar kjara og því hafi ekki verið um mismunun í samskonar viðskiptum að ræða. Af því leiðir, að mati ráðsins, að RARIK hafi ekki misnotað markaðsráðandi stöðu sína með umræddri taxtahækkun.

### 4.

Að mati samkeppnisráðs er ekki hægt að bera saman orkuverð á milli mismunandi orkuveitna. Sé t.d. tekið dæmi um samanburð á milli RARIK og Orkuveitu Reykjavíkur, þá er um eðlisólíka starfsemi að ræða. RARIK er ríkisveita sem þjónar mun dreifbýlli svæðum en Orkuveita Reykjavíkur. Orkuveita Reykjavíkur þjónar einungis þéttbýliskjörnum á Reykjavíkursvæðinu, Akranesi og Borgarbyggð. Í ljósi þess að Orkuveita Reykjavíkur veitir einungis rafmagni til þéttbýliskjarna má gera ráð fyrir því að dreifingar- og umsýslukostnaður orkuveitunnar sé minni en hjá RARIK sem aftur kann að leiða til lægri raforkutaxta. Framangreint leiðir, að mati

samkeppnisráðs, til þess að ótækt er að bera saman raforkutaxta hjá svo ólíkum veitum.

Hér ber og að hafa í huga að af eðli þeirrar vöru sem bakarí framleiða, þ.e. kökur og brauð sem hafa takmarkað geymsluþol, leiðir að landfræðilegur markaður er afar takmarkaður. Samkeppnisyfirvöld hafa áður komist að þeirri niðurstöðu að markaðssvæði brauðframleiðenda á Reykjavíkursvæðinu sem dreifa vörum til endurseljenda nái til fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum og á Vesturlandi að Búðardal sem og á Suðurlandi að Klaustri.<sup>1</sup> Að sama skapi er markaðssvæði Sauðárkróksbakarís, að mati samkeppnisráðs, staðbundið við Sauðárkrók og nærsveitir. Í ljósi þessa telur samkeppnisráð að Sauðárkróksbakarí sé á öðrum markaði en bakarí á Reykjavíkursvæðinu og því skekki það ekki markaðsstöðu þess í skilningi samkeppnislaga að mismunur sé á raforkutöxtum til bakaría hjá RARIK annars vegar og Orkuveitu Reykjavíkur hins vegar.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Samkeppnisráð mun ekki hafast frekar að í máli þessu.“**

---

<sup>1</sup> Sjá nánar ákvörðun samkeppnisráðs nr. 5/1998 um yfirtöku Myllunnar-Brauðs hf. á Samsölubakaríi hf.